

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arctic Sea Farm ehf Dýrafirði



Dags eftirlits	7.12.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Arctic Sea Farm ehf	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Aðalstræti 20	Tegund eftirlits	Annað
Kennitala	700807-0450	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Steinunn G. Einarsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Eva Dögg Jóhannesdóttir	Staðsetning	65°53,460'N 23°37,710'W

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt nýtt frávik er skráð er varðar lífmassa í sjó umfram hámarksheimild rekstraraðila.

UMFANG EFTIRLITS

Þann 2. desember sl. tilkynnti rekstraraðili Umhverfisstofnun með bréfi að lífmassi í Dýrafirði væri kominn í 9900 tonn og líklegt þætti að þrátt fyrir aðgerðir sem gripið hefði verið til, líkt og að minnka fóðrun, væri líklegt að lífmassinn færi yfir 10 þúsund tonn á næstunni.

Sláturáætlanir hefðu riðlast vegna ýmissa ástæðna og hvorki Búlandstindur á Djúpavogi né Norwegian Gannet, sem slátraði fyrir rekstraraðila fyrr á árinu, hefðu tök á því að sinna viðbótarslátrun vegna annarra verkefna. Einnig væri litið til þess að v. dýravelferðar þyrfti slátrun úr eldissvæði rekstraraðila við Hvannadal í Tálknafirði að vera í forgangi í desember, ásamt því að auka þyrfti fóðrun aftur yfir köldustu mánuðina svo fiskurinn væri betur í stakk búinn að takast á við þær áskoranir sem kuldanum fylgdi. En ef farið yrði yfir mörk leyfis í Dýrafirði væri stefnt að því að lífmassinn færi aftur undir hámark starfsleyfis í janúar, þegar slátrun hefði hafist að nýju úr Dýrafirði.

Þann 7. desember sl. barst tilkynning rekstraraðila í bréfi, sbr. 2. mgr. 40.gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er varðaði að lífmassi í Dýrafirði hefði þann 6. desember sl. verið kominn yfir 10 þúsund tonn. Frávik er því skráð þar sem heimild rekstraraðila í starfsleyfi tekur einungis til eldis 10 þúsund tonna á hverjum tíma.

Á fundi Umhverfisstofnunar og fulltrúa rekstraraðila þann 14. desember sl. kom fram að stefnt væri að því að lífmassi yrði kominn aftur niður fyrir 10 þúsund tonn í janúar, líkt og áður hefði komið fram í bréfum rekstraraðila. Til viðbótar við þær aðstæður sem lýst hefði verið í bréfi rekstraraðila þann 2. desember sem urðu til þess að lífmassi fór yfir mörk leyfis hefðu einnig orðið bilaðanir í búnaði. Vonir stæðu til þess að slátrun í sláturhúsi Arnarlax í Bíldudal næði sér á strik og næstu vikur víðraði til slátrunar sem yrði til þess að fyrri áætlanir um lok fráviks stæðust. Rætt var að ef að rekstraraðili sæi fram á að tímasett úrbótaáætlun þeirra stæðist ekki, skyldi rekstraraðili senda Umhverfisstofnun uppfærða tímaáætlunáætlun svo fljótt sem auðið væri. Einnig var rætt að fyrirtækið skyldi senda staðfestingu þess efnis þegar lífmassinn væri kominn niður fyrir 10 þúsund tonn og úrbótum væri lokið.

Hvað varðar að forða því að slíkar aðstæður komi upp aftur er skv. rekstraraðila unnið að því að auka sláturgetu fyrirækisins með byggingu nýs sláturhúss á Vestfjörðum.

Frávik frá

Lýsing á frávik

gr. 1.2 í starfsleyfi

Lífmassi í sjó skal vera undir 10.000 tonnum á hverjum tíma. Skv. tilkynningu frá rekstraraðila dags. 7. desember sl. er lífmassi í Dýrafirði kominn yfir 10 þúsund tonn.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 21.12.2021

Hulda S. Jónasdóttir

Hulda Soffía Jónasdóttir

